



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 20. september 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsyfirlit jan.-júni 2017

a) Rekstur:

Fyrir fundinum lá yfirlit um rekstur sveitarfélagsins fyrstu 6 mánuði ársins. Sveitarstjóri fór yfir helstu þætti sem fram koma í yfirlitunum.

b) Fjárfesting

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti kostnað við fjárfestingar ársins. Í yfirlitinu kemur fram að kostnaður við framkvæmdir í A-hluta eru miklu meiri en áætlun gerði ráð fyrir en fjárfestingar í B-hluta hins vegar miklu minni.

2. Umsókn um byggðakvóta 2017/2018

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 11. september 2017 þar sem bæjar og sveitarstjórnnum er gefinn kostur á að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2017/2018. Umsóknarfrestur er til 15. október 2017. Einnig lá fyrir fundinum drög að umsókn sveitarfélagsins um umræddan byggðakvóta þar sem gerð er grein fyrir stöðu byggðarinnar vegna kvótasamdráttar og minni útgerðar vegna þess. Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að senda fyrirbyggjandi umsókn.

3. Reglur um dreifnám 2017-2018

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um styrk vegna ferðakostnaðar nemenda sem stunda nám við dreifnám FNV á Blönduósi.

Sveitarstjórn samþykkti reglurnar.

4. Samþykkt um kjör stjórna og nefnda sveitarfélagsins

Tillaga sveitarstjóra að samþykktum um launakjör stjórna og nefnda sveitarfélagsins lá fyrir fundinum. Tillagan byggir á eldri samþykkt sem var gerð óvirk með samþykkt sveitarstjórnar 21. nóvember 2016 í kjölfar úrskurðar kjararáðs um hækkun þingfararkaups um 44%. Í fyrirbyggjandi tillögu eru hlutfallstölur lækkaðar til að samræma þær fyrri launareglu og þeim breytingum sem orðið hafa á almennum launamarkaði. Miðast nefndarlaun við þingfarakaup en með hlutfallstölum er gert ráð fyrir að laun hækki um 15% í stað 44% eins og hefði orðið með úrskurði kjararáðs. Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu.

5. Tilnefning í samráðsvettvang sóknaráætlunar

Við tilnefningu í samráðsvettvang sóknaráætlunar landshluta hafði farist fyrir að tilnefna varamenn aðalmanna. Athugasemd hafði borist frá SSNV um að varamenn vantaði. Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi:



- Péturína Jakobsdóttir verði varamaður Evu Daggar Bergþórsdóttir.
- Inga Rós Sævarsdóttir verði varamaður Steindórs Haraldssonar.
- Sara Diljá Hjálmarsdóttir verði varamaður Halldórs Ólafssonar.

6. Málefni fatlaðra

- a) Fundur samráðshóps 8. september 2107

Fundargerðin var til kynningar.

- b) Fundur samráðshóps 30. ágúst 2017

Fundargerðin var til kynningar.

- c) Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra

Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi samningi og staðfesti bókun sem gerð var vegna samningsins á fundi 29. júní sl.

7. Bréf

- a) Lárusar Ægis Guðmundssonar, dags. 22. ágúst 2017

Með bréfinu óskar Lárus eftir að verða leystur undan því verkefni að vera skoðunarmaður ársreikninga Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Sveitarstjórn samþykkti erindið og þakkaði Lárusi störf hans í þágu sveitarfélagsins.

- b) Bréf mennta og menningarmálaráðuneytis 16. ágúst 2017

Með bréfinu er óskað eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem ekki var lokið haustið 2016 ásamt staðfestingu skólastjóra og sveitarfélags á því að vinnu samkvæmt umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans væri lokið.

Bréfið var til kynningar.

- c) Svarbréf sv.stj. vegna bréfs ráðuneytis, 29. ágúst 2017

Í svarbréfi sveitarstjóra og skólastjóra vegna bréfs ráðuneytisins er gerð grein fyrir eftirfylgni með úttekt á Höfðaskóla. Þar kemur fram að unnið hefur verið að og bætt úr þeim atriðum sem gerðar voru athugasemdir við. Umbætur hafi verið unnar af stjórnendum og starfsmönnum skólans í góðri sátt við aðra starfsmenn og stjórnendur sveitarfélagsins.

Bréfið var til kynningar

- d) Svarbréf mennta- og menningarmálaráðuneytis, 8. september 2017

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins. Málinu sé lokið af hálfu ráðuneytisins.

Bréfið var til kynningar.

8. Fundargerðir:

- a. Héraðsfundar og ályktun fundarins 24. ágúst 2017

Meðfylgjandi fundargerðinni var bréf Einars K. Jónssonar sem fyrir hönd framkvæmdastjóra sveitarfélaganna í Austur Húnavatnssýslu vekur athygli á svohljóðandi ályktun fundarins:



Héraðsfundur sveitarstjórna í Austur-Húnavatnssýslu, haldinn í Fellsborg á Skagaströnd fimmtudaginn 24. ágúst 2017, beinir því til sveitarstjórna að taka afstöðu til hvort hefja eigi formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu.

Jafnframt tilnefni hver sveitarstjórn tvo fulltrúa ásamt framkvæmdastjóra í sameiningarnefnd ef niðurstaða sveitarstjórnar verður að hefja það ferli

Með bréfinu er þess óskað að sveitarstjórn taki ályktunina til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkti að eiga aðild að formlegum viðræðum um sameiningu sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu og samþykkti jafnframt að skipa Adolf H. Berndsen og Steindór R. Haraldsson í sameiningarnefnd og að sveitarstjóri muni starfa með nefndinni.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

b. Stjórnar SSNV, 22.08.2017

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar SSNV, 12.09.2019

Fundargerðin var til kynningar ásamt skýrslu um áherslur SSNV í samgöngumálum sem var fylgigagn með fundargerðinni.

d. Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 25.08.2017

Fundargerðin var til kynningar.

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1.09.2017

Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 9.40

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson